

Reykjavík 28. Mars 2022

Skýrsla stjórnar Ljósanna á aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands 2. apríl 2022

Aðalfundur Ljósanna var haldinn 21 október 2021 í húsnæði BHM að Borgartúni 6.

Á fundinn mættu 20 Ljósar og fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf. Fundargerð síðasta fundar frá 19. júní 2019 var kynnt og hún samþykkt.

Formaður Ólafía Guðmundsdóttir flutti skýrslu stjórnar og sagði frá að félagsstarf hefði verið frekar dauft í ljósi heimsfaraldurs Covid-19 og hittingar í Perlunni nánast lagst af. Stjórnin hélt tvo stjórnarfundum á þessu tímabili 2020 og 2021. Formaður sagði einnig frá vorferð Ljósanna sem farin var 9 júní 2021. Ferðin heppnaðist mjög vel en farið var á Snæfellsnes með fulla rútu af ljósmaðrun (65). Ferðinni er lýst í skýrslu skemmtinefndarinnar sem er meðfylgjandi.

Ákveðið var að reyna að endurvekja fundum í Perlunni og lagt til að að þeir yrðu fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 13.30. Því miður hafa ekki verið nema örfáir hittingar í Perlunni en vonandi fer það nú að glæðast með hækkandi sól, betra veðri og fækkandi veikindum.

Kosin var ný stjórn en Ólafía Guðmundsdóttir formaður gaf ekki kost á sér aftur til formennsku og var Hildur Kristjánsdóttir kosin formaður, Rósa Þorsteinsdóttir gaf kost á sér sem ritari og Guðrún Eggertsdóttir óskaði eftir að flytja sig til innan stjórnar og er hún nú meðstjórnandi. Guðrún Þór er áfram gjaldkeri og Ólöf Þóra Sveinbjörnsdóttir er áfram í stjórn.

Ásgerður Helgadóttir gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu og voru henni þökkuð vel unnin störf.

Ný stjórn hefur haldið einn stjórnarfund og verið í tölvuskeyta sambandi. Ákveðið var að halda skemmtifund í lok mars, en honum hefur verið frestað til haustsins. Búið er að uppfæra netfangaskrá og eru félagsmenn hvattir að hafa samband ef þeir eru ekki að fá tölvupóst. Hægt er að láta vita um það á facebook síðu hópsins eða á tölvupóstfang hildurkr@siment.is.

Formaður hefur fundað með skemmtinefnd og ferð hefur verið ákveðin miðvikudaginn 8. Júní n.k. og verður hún auglýst strax eftir páska og þá verður hægt að skrá sig. Þetta verður auglýst bæði með tölvupósti og á facebook síðu Ljósanna.

f.h. stjórnar

Hildur Kristjánsdóttir, formaður

Ljósumar - aðalfundur 2021

Haldinn 21. október 2021 að Borgartúni 6

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020 og 2021

Stjórn hafði fremur lítið fyrir stafni árið 2020 af ástæðum sem eru flestum kunnar, en samkomubann og ýmsar hömlur vegna Covid-19 urðu til þess að nánast engin starfsemi gat farið fram. Einungis tveir kaffihittingar náðust í Perlunni árið 2020, vorfundi var aflýst þetta árið og einnig aðalfundi. Engir stjórnarfundir voru haldnir á meðan strangt samkomubann gildi. Það sem af er þessu ári hefur verið heldur minna um hömlur þó við höfum ekki verið alveg laus við þær.

Stjórn fundaði fyrst á þessu ári þann 18. mars á Mathúsi Garðabæjar og mætti öll stjórnin og einnig formaður ferðanefndar Rósa Bragadóttir til skrafs og ráðagerða vegna fyrirhugaðrar sumarferðar.

Sumarferðin var farin þann 9. júní s.l. og var þátttaka framar öllum vonum - en ferðanefnd mun segja betur frá ferðinni undir öðrum dagskrárlið.

Stjórn fundaði á Mathúsi Garðabæjar í annað sinn á þessu ári þann 16. september s.l. og þar mættu allar í stjórn að undanskilinni Ásgerði Helgadóttur sem var vant við látn.

Ákveðið var að halda aðalfund ársins 2021 hinn 21. október og hér erum við mættar.

Formaður Ólafía M Guðmundsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og Guðrún Eggertsdóttir óskar eftir að færa sig í annað embætti svo ritarastóllinn er laus.

Ólöf Þóra Sveinbjörnsdóttir varaformaður og Guðrún Þór gjaldkeri munu sitja áfram amk. eitt ár. Þá gefur Ásgerður Helgadóttir ekki kost á sér í stjórn áfram.

Tvær ljósmæður hafa þegargefið kost á sér í stjórnina; þær Hildur Kristjánsdóttir í formannsstólinn og Rósa Þorsteinsdóttir sem ritari.

Ég vil þakka samstarfskonum mínum í stjórn fyrir frábært og skemmtilegt samstarf og óska nýjum stjórnarkonum velfarnaðar.

F.h. stjórnar Ljósanna

Ólafía M Guðmundsdóttir formaður

Vorferð ljósanna

Þann 9. júní 2021 var lagt af stað frá Borgarleikhúsinu í langþráða ferð með fulla rútu af hressum ljósmæðrum (65).

Fyrsta stopp var WCstopp í Borgarnesi, en á leiðinni höfðum við frábæran leiðsögumann sem leiddi okkur um þær söguslóðir sem við ókum um, en Magga okkar Hallgrímsson er með próf úr leiðsögumannaskólanum. Næsta stopp var Stykkishólmur þar sem borðuð var súpa á Hótel Stykkishólmur, eftir það komu tveir hressir leiðsögumenn í bílinn og fóru með okkur bæði akandi og gangandi um helstu kennileiti og staði í bænum.

Síðan var ekið í Bjarnarhöfn en þá byrjaði að rigna en kom ekki að sök þar sem við vorum að skoða hvalasafnið og fá um staðinn leiðsögn og einnig boðið upp á hákarls smökkun, sem var gerður að góður rómur og margir versluðu harðfisk og hákarl.

En var haldið af stað og nú í mígandi rigningu yfir heiðina en þegar komið var yfir á nesið hinu megin var stytt upp og stoppað var við gamla félagsheimilið Breiðablik þar var dúkað borð á grasinu og boðið upp á flatkökur með hangikjöti, og harðfisk frá Borgarfirði eystri.

Skolað niður með öli, köldum snafs og nátturlega vatn.

Áfram var haldið og nú tóku við ýmsar gamansögur og létt spjall

Komið var í Borgarnes upp úr kl. 18 og þar var skverað upp útveislu í Englendingavík hjá henni Möggu Rósu, boðið upp á freyðivín og möndlukökur. Síðan voru tilbúin borð fyrir okkur og borin fram mjög góður fiskréttur og eftirréttur.

Haldið af stað heim og komið um 21.30 til baka eftir vel heppnaða ferð.

Ferðin kostaði 14 þús. á mann og fannst okkur það vel sloppið.

Á sjóðurinn inn á bók um 50 þús. sem fer upp í næstu ferð.

Rósa Bragadóttir, Sigurborg Kristinsdóttir og Margrét I. Hallgrímsson